24. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda

haldinn í Turninum Kópavogi 23. og 24. október 2008

Samþykktir fundarins

Aðalályktun

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda (LS) haldinn 23. og 24. október 2008 í Turninum í Kópavogi ályktar eftirfarandi:

Eftir gengishrun krónunnar með fyrirsjáanlegu atvinnuleysi og hraðvaxandi verðbólgu stendur smábátaútgerðin í fullkominni óvissu um framtíð sína, líkt og sjávarútvegurinn í heild og flestar atvinnugreinar í landinu.

Ofan á bætist að vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar harðneita að taka minnsta mark á þeirri eindregnu skoðun veiðimanna, hringinn í kringum landið, að ástand þorskstofnins gefi ekkert tilefni til að skera veiðiheimildir niður fyrir öll söguleg lágmörk.

Ekki einu sinni gögn stofnunarinnar sjálfrar réttlæta þennan niðurskurð. Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til 160 þúsund tonna hámarksafla þorsks fyrir síðasta fiskveiðiár. Sú stofnun er þekkt af öllu öðru en frjálslyndum tillögum varðandi veiðiheimildir. Þetta mun í eina skiptið sem farið er undir hennar tillögur um aflamörk. Hafrannsóknastofnunin skuldar þjóðinni skýringar á því hvaða vitneskju hún bjó yfir varðandi íslenska þorskstofna, sem Alþjóðahafrannsóknaráðinu var ókunnugt um.

Fundurinn krefst þess að þorskkvóti verði aukinn nú þegar og það verulega.

Kaupendur íslenskra sjávarafurða gera sífellt harðari kröfur um hvernig fiskur er veiddur og að hann sé umhverfismerktur. Áhugi kaupenda beinist í vaxandi mæli að kyrrstæðum veiðarfærum. Það skýtur því herfilega skökku við að dragnótaveiðar eru í stórauknum mæli stundaðar inná flóum og fjörðum á skipum sem eru jafnvel fullvaxnir togarar. Þá hefur orðið mikil fjölgun öflugra togara sem geta samkvæmt núgildandi reglum veitt upp að 3 mílum.

Við tillögugerð sína um aflamörk segist Hafrannsóknastofnunin verða að sýna fyllstu varkárni til að halda trúverðugleika. Framangreind þróun virðist hins vegar valda stofnuninni litlum áhyggjum.

Þessu mótmælir LS harðlega og krefst þess að dragnótaveiðar verði færðar út fyrir 3 mílur frá ströndum landsins sem og að færa togveiðar umsvifalaust út fyrir 12 mílur.

Fyrirsjáanlegir eru miklir erfiðleikar í smábátaútgerð. Hrikaleg hækkun erlendra lána og allra aðdrátta hafa gert rekstrarumhverfi stórs hluta hennar með öllu vonlausa. Smábátaútgerðin er lífæð fjölmargra sjávarþorpa, allt í kringum landið. Það er skilyrðislaus krafa fundarins að stjórnvöld tryggi að svo verði áfram.

Aðalfundur LS beinir því til stjórnvalda að þau geri umsvifalaust ráðstafanir um raunhæfa aðlögun lána að því rekstrarumhverfi sem framundan er í smábátaútgerðinni. Frysting lána er skref í áttina, en aðeins skammtímalausn.

Fundurinn krefst þess að línuívilnun verði hækkuð verulega og breytt í krókaívilnun sem nái til allra dagróðrabáta sem stunda línu- og handfæraveiðar.

Þá bendir fundurinn á að innheimta auðlindagjald af sjávarútveginum við ríkjandi aðstæður er bókstaflega fáránleg.

Til skamms tíma var sjávarútvegurinn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar. Þó hann hafi glatað forystu sinni um stund, er hann að öðlast það hlutverk á nýjan leik.

Á hálfum áratug, í þúsund ára sögu þjóðarinnar, taldi hún sig hafa fundið nýja og endalausa uppsprettu auðs og velmegunar. Galdurinn fólst í að rétta hvort öðru pappíra fram og til baka, sem augljóslega auka mjög við það verðgildi sitt. Hún varpaði fyrir róða áhuganum á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Litlu sjávarþorpin voru gleymd og fyrirlitin, minnisvarðar fortíðar.

Það er kominn tími til að snúa þessari þróun við.

Stjórnvöld standi vörð um

Byggðakvóta

og

Óbreytta slægingarprósentu

24. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

- Að *auka þorskkvótann* nú þegar og aukningunni verði úthlutað til þeirra sem veiðiréttinn hafa.
  Félagsmenn eru almennt á þeirri skoðun að mun meiri þorskur sé í sjónum en fiskifræðingar telja.

- Vegna stóraukins skötuselsafla og stóraukinnar útbreiðslu skötusels við Ísland, verði *skötuselur utan kvóta sem meðafli.*

- Að breyting verði gerð á ákvæði laga um stjórn fiskveiða sem fjallar um *línuívilnun* þannig að tryggt sé að veiðiheimildir sem ætlaðar eru til hennar nýtist dagróðrabátum að fullu.
  Auk þess er minnt á áður samþykkta kröfu LS að bátur haldi línuívilnun þó hann landi í annarri höfn en farið er frá.

- Að *opna hólf á norðanverðum Breiðafirði fyrir línuveiðum*.

- Að *opna* svokallað *Keiluhólf* sem er *suðaustur af Hrollaugseyjum*.
  Greinargerð.
  Ástæða lokunar svæðis suðaustur úr Hrollaugseyjum var að halda kvótalausm skipum frá tilteknu svæði. Þessi skip höfðu verið skráð á Íslandi gagngert til veiða á keilu á línu enda keila ekki í kvóta á þeim tíma. Vegna fjölgunar smærri línubáta á Hornafirði fer LS fram á að svæðið verði opnað enda þetta svæði þekkt fyrir allt annað en smáan fisk. Nú er svæðið opið fyrir netum, lúðulínu og handfærum og hluti þess fyrir trollveiðum.
  Athygli er vakin á að hið lokaða hólf er á svæði sem hornfirskir smábátar eru í vari fyrir norðanáttum og því einu miðin sem þeir eru í skjóli fyrir vindum.

- Að allar *dragnótaveiðar* á bátum lengri en 20 m verði *bannaðar* innan línu sem dregin er *frá Blakksnesi um Kópanesvita í Fjallaskagavita*.

- Allar dragnótaveiðar verði bannaðar innan línu sem dregin er *úr Ólafsvita í Tálkna og þaðan Krossdal og þvert yfir Arnarfjörð eftir línu 23°48"0 V.*

- Að *snurvoðaveiðar báta yfir 20 metrar* innan grunnlínupunkta verði *bannaðar fyrir Vestfjörðum.*

- Að fara að tillögu Byggðaráðs Skagafjarða um *að banna dragnótaveiðar í innanverðum Skagafirði.*
  Taki bannið gildi nú þegar og gildi þar til rannsóknir Hafrannsóknastofnunar um áhrif dragnótaveiða á lífríki Skagafjarðar liggja fyrir.

- Að reglugerðarbreyting sem heimilar *snurvoðaveiðar upp í fjöruborð á svæðinu frá Þorlákshöfn og alveg austur fyrir Vestmannaeyjar verði þegar í stað dregin til baka.*
  Aðalfundur LS mótmælir harðlega þessum veiðum og telur óskiljanlegt að þær hafi verið heimilaðar þar sem reynsla er fyrir því að slíkar veiðar fara mjög illa með ýsustofninn á þessu svæði og mörg ár eða áratugi tekur að byggja upp ýsugengd á svæðinu eftir notkun snurvoðar.

- Að *loka Eyjafirði og Skjálfanda fyrir dragnótaveiðum allt árið*.

- Að *banna dragnótaveiðar* inni á fjörðum og innan 3 sjómílna frá landi inná flóum *fyrir Austurlandi.*

- Að heimila *ekki trollveiðar innan 12 mílna.*

- Að *krókaaflamarksbátum verði leyft að nota gildrur* við veiðar á bolfiski til áframeldis og öðrum tegundum t.d. kuðung.
  Að hafin verði vinna við að þróa gildrur fyrir sæbjúgu og aðrar ónýttar tegundir.

- Að *banna veiðar með flotvörpu*.
  Rannsóknir sem gerðar hafa verið sýna að, aðeins lítill hluti þess sem fer inn um trollopið endar sem afli um borð í skipi.

- Að *dregið verði mjög verulega úr loðnuveiðum*.
  Fundurinn skorar á sjávarútvegsráðherra og Alþingi að draga mjög verulega úr loðnuveiðum í og utan íslensku efnahagslögsögunnar.
  Einnig lítur aðalfundur LS svo á að til framtíðar litið verði loðnuveiðar aðeins stundaðar til manneldis.

- Að gefa *handfæraveiðar frjálsar*.

- Að *heimila ekki línuskipum 100 brl. og stærri veiðar innan 3 sml frá landi*.

- Að *loka svæði vestur úr Sandgerði og suður af Grindavík fyrir veiðum með botntrolli*.

- Að *Hafróafli - VS afli verði aukinn í 8%*.

- *Tekjur af VS afla*.
  Að útgerðarmönnum verði gefinn kostur á að ráða því til hvaða rannsóknarstofnana VS- aflaverðmæti þeirra sé ráðstafað.
  Greinargerð.
  Nauðsynlegt er að skjóta styrkari stoðum undir sjálfstæðar rannsóknarstofnanir á landsbyggðinni.

- *Gerð verði úttekt á niðurstöðu Hafró um gríðarlegt þyngdartap*.
  Fengnir verði óháðir aðilar til að leggja mat á þá fullyrðingu Hafrannsóknastofnunar að meðalþyngdir elstu árganga þorsksins séu nú tugum prósenta lægri en langtímameðaltal.

- *Fyrirkomulag grásleppuveiða*.
  Að fyrirkomulag grásleppuveiða verði óbreytt á næsta ári. Veiðitími verði 50 dagar.

- *Að tryggt verði nægjanlegt fjármagn til áframhaldandi hrognkelsarannsókna hjá BioPol*.
  Að tryggja næga fjármuni til að halda áfram rannsóknum á grásleppu sem BioPol á Skagaströnd vinnur að, þar sem grásleppa er verðmætur nytjafiskur og hefur verið afar lítið rannsakaður.
  BioPol hefur hafið afar athyglisverðar rannsóknir á grásleppunni og tilraunum á frekari nýtingu á fiskinum á sviðum líftækni.

- *Breyting á reglugerð um hrognkelsaveiðar*.
  Að breyting verði gerð á reglugerð nr. 160, gr. 9 verði færð til fyrra horfs, þ.e. að skipaskrárnúmer verði fellt burt.

Afstaða aðalfundar LS til einstakra mál

- *Andstaða við þorsknetaveiðar krókaaflamarksbáta.*
  Fundurinn lýsir fullkominni andstöðu við framkomnar tillögur um þorskanetaveiðar krókaaflamarksbáta og ítrekar þá skoðun sína að sú veiðireynsla sem metin var til úthlutunar í krókaaflamarkskerfinu og veidd var á króka, skuli veidd þannig áfram.

- *Rafræn afladagbók.*
  Fundurinn skorar á Fiskistofu að fara fram með hóflegum hætti við innleiðingu rafrænna afladagbóka.

- Fundurinn samþykkir að *standa við bakið á þeim mönnum sem stunda veiðar á þorski til áframeldis* og frekari rannsókna á því sviði.
  Jafnframt *mótmælir* fundurinn *misnotkun* sem á sér stað *við veiðar á áframeldinu þar sem stundaðar eru beinar ýsuveiðar í Ísafjarðardjúpi.*

- *Handfæraívilnun.*
  Handfæraveiðar hafa orðið fyrir mestri skerðingu vegna þess að aflaheimildir þeirra eru nær eingöngu í þorski. Stuðningur við handfæraveiðar er stuðningur við sjávarbyggðirnar. Hér gilda því sömu rök og eiga við um línuívilnun. Það yrði vonandi til að halda í þessa fáu báta sem eftir eru. Það er líka ástæða fyrir okkur að varðveita verkþekkingu og þekkingu á lífríki og veiðimunstri á grunnsævi hvers staðar, sem annars gæti glatast.

- *Greiðslumiðlun.*
  Að greiðslumiðlun verði breytt og greiðslur vegna félagsgjalda berist án milliliðar til LS.
  Framkvæmdastjóra er falið að gera úttekt á áhrifum niðurfellingar greiðslumiðlunar vegna lífeyrissjóðs og trygginga, á fjárhag LS og á slysa- og húftryggingaiðgjöld félagsmanna.
  Jafnframt verði heimildir félagsins til innheimtu félagsgjalda skýrðar og treystar í sessi með lagabreytingum.

- *Kjarasamningur.*
  Fagnað er þeim tímamótum að undirritaður var kjarasamningur um akkorðsvinnu við net og línu milli LS og Starfsgreinasambandsins.
  Aðalfundurinn skorar á stjórn LS að halda áfram þar sem frá var horfið síðastliðið vor við vinnu að kjarasamningi um laun og kjör á smábátum fyrir hönd félagsmanna sinna. Í því skyni er nauðsynlegt að byrja á því að fara yfir hvernig afgreiðsla samnings fer fram ef um semst að nýju t.d. með sameiginlegri talningu, það fyrirkomulag sem notað var síðastliðið vor gekk ekki upp. Stjórn skipi **7** manna samninganefnd þar sem eiga sæti eigendur báta með mismunandi hagsmuni.

Til frekari skoðunar

- *Lúðuveiðar Færeyinga.*
  Að aflað verði upplýsinga um lúðuveiðar Færeyinga. Hver afli þeirra á Íslandsmiðum hafi verið undanfarin fimm ár, stærðarsamsetningu lúðunnar, hversu margir bátar stundi veiðarnar og á hvaða svæðum veiðarnar séu stundaðar.

- *Geymsluréttur milli ára.*
  Samþykkt að vísa til stjórnar sem komi með útfærðar tillögur fyrir næsta aðalfund.

- ***V**ottunarmál.*
  Skorað er á stjórn LS að standa vaktina gagnvart svonefndum vottunarsamtökum eins og t.d. MSC.

- *Stærðarmörk krókabáta.*
  Að skipuð verði nefnd til að leita leiða til að einfalda reglugerð um stærðarmörk krókaflamarksbáta án þess að þeir stækki eða afkastageta þeirra aukist.
  Greinargerð.
  Sú reglugerð sem Siglingastofnun vinnur eftir lengist að meðaltali um eina blaðsíðu á ári. Reglurnar eru það flóknar að alltaf finnast nýjar smugur í hvert skipti sem nýr bátur er smíðaður.
  15 tonna bátur sem smíðaður var fyrir 4 árum uppundir þak krókaaflamarkskerfis kemst ekki inn á topp 10 lista í dag yfir stærstu báta í kerfinu. Einföld leið t.d. að miða við mestu lengd og breidd og hægt væri að miða við hæstu mál í kerfinu í dag svo eitthvað sé nefnt.

- *Inneignir á tryggingareikningi.*
  Samþykkt að inneignir félagsmanna á tryggingareikningi eldri en 9 ára verði færðar til eignar hjá LS.

- *Afskipti LS af sölumálum grásleppuhrogna.*
  Samþykkt er að afskipti LS af sölumálum grásleppuhrogna verði aukin.

Til stjórnvalda

- *Efnahagsástandið.*

  24. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda hefur miklar áhyggjur af bágu efnahagsástandi á Íslandi. Fyrirsjáanlega eru miklir erfiðleikar í smábátaútgerð vegna hruns íslensku krónunnar, sem leiðir af sér mikla hækkun erlendra lána en flest öll lán íslensks sjávarútvegs eru í erlendri mynt. Ennfremur hafa öll aðföng stórhækkað vegna gengisfalls krónunnar. Smábátasjómenn minna á að þeir eru lífæðar margra sjávarþorpa allt í kringum landið og ætla að vera svo áfram, en til að svo megi vera þarf starfsumhverfið að vera í lagi.
  Það er krafa fundarins að stjórnvöld grípi nú þegar til eftirfarandi aðgerða:
  - Þorskkvótinn verði aukinn.
  - Línuívilnun verði breytt í krókaívilnun, verði hækkuð og nái til allra dagróðrabáta sem veiða með krókum.
  - Auðlindagjald verði aflagt.
  - Lán verði aðlöguð núverandi aðstæðum, til dæmis með lengingu lána og aðeins séu greiddir vextir í tvö ár.
  - Tekinn verði ákvörðun um jafnstöðuafla í þorski upp á 220 þúsund tonn til næstu þriggja ára.
  - Flutningskostnaður innanlands verði niðurgreiddur.

- *Fjarskipti og öryggismál.*

  24. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda skorar á stjórnvöld og þjónustuaðila að tryggja fjarskipti og staðsetningaeftirlit á veiðisvæðum smábáta. Með niðurlagningu NMT kerfisins á næstunni getur skapast hættuástand, þar sem ekki er allsstaðar tryggt símasamband á miðunum umhverfis landið.
  Fundurinn telur eðlilegt að AIS staðsetningarbúnaður verði í boði sem valkostur á móti STK staðsetningarbúnaðinum sem notaður er í dag.

- *Þyrlumál - áskorun til dómsmálaráðherra.*

  Að hluti þyrlubjörgunarsveitar Landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Akureyri.

- *Aukið fé til hafrannsókna.*

  Ítrekaðar eru fyrri ályktanir um aukið fjármagn til hafrannsókna og fjölgun þeirra aðila sem að þeim koma.

- *Veðurdufl á Fláka.*

  Tilmæli um að öldudufl á Fláka verði endurnýjað.

- *Veðurathugunarstöð á Reynisfjall.*

  Tilmæli um að áfram verið knúið á um að komið verði upp sjálfvirkri veðurathugunarstöð á Reynisfjalli.

- *Ánægja með rannsóknir* BioPol

  24. aðalfundur Landssambands smábáaeigenda fagnar og styður heilshugar það starf sem hafið er hjá BioPol á Skagastönd um rannsóknir hrognkelsa.

- *Hvalveiðar.*

  Að hvalveiðar stórhvela verði leyfðar nú þegar.

- *Vigtun.*

  Að höfninni í Norðurfirði verði veitt undanþága til vigtunar afla.
  Greinargerð.
  Sökum tengsla íbúa á Norðurfirði er ekki hægt að uppfylla skilyrði reglugerðar um vigtun og því einsýnt að löndun leggst þar af verði undanþága ekki veitt.

- *Fækkun smábáta.*

  Lýst er yfir miklum áhyggjum af fækkun smábáta með tilheyrandi fækkun smábátasjómanna.

- *Landhelgisgæslan.*

  Skorað er á dómsmálaráðherra að tryggja Landhelgisgæslunni nauðsynlegt fjármagn til að hún geti sinnt lögboðinni skyldu sinni.

- *Veiðibann.*

  Að reglur um veiðar við sæstrengi, ljósleiðara og vatnsleiðslur innan Eyja verði samræmdar við það sem annarstaðar gildir, þ.e. að veiðar séu óheimilar innan 200 metra frá streng.

- *Friðun veiðisvæða.*

  Að viðkvæm svæði vítt og dreift um landið verði tafarlaust friðuð. Hvatt er til pallborðsumræðna um málefnið.
  Greinargerð.
  Án veiðarfærastýringar og friðunar er hætt við óbreyttu ástandi fiskistofna.